

Oobleck



Oobleck, er skemmtilegt gums nefnt eftir efni í sögu dr. Seuss.

Efnið sjálft er mjög sérstakt og hegðar sér ólíkt öðrum efnum. Það er ekkert efni sem við þekkjum sem breytir um **ham** jafn ört við þrýsting og þetta efni. Nemendur sjá hvernig þrýstingur hefur áhrif á **hamskipti** en oftast sér maður hamskipti eingöngu við hitabreytingar þar sem þrýstingur er sá sami við sjávarmál.

Tilgangur: Er hægt að búa til efni sem er vökvi og fast efni við mismunandi þrýsting?

Efni og áhöld: Vatn, matarlitur og sterkja (maizenamjöl/ kartöflumjöl)

Framkvæmd: Blandið saman 2 einingum af sterkju á móti 1 einingu af vatni. Bætið 3 dropum af matarlit út í.

Takið myndir af ferlinu og setjið inn í framkvæmdalýsinguna. Útskýrið skref fyrir skref.

Niðurstöður: Segið frá.

Munið að ganga frá eftir tilraunina. Athugið að í lokin þarf að láta mikið vatn renna með oobleckinu í vaskinn svo að pípurinn stíflist ekki.

Skolið áhöld með heitu vatni og sápu, þurrkið og setjið gögnin aftur á borðið.

Afurð: Skýrsla með myndum

Amboð:
Efnisheimurinn
Vefurinn

KJARNI 5
Einstaklings-
verkefni